

Nd.

436. Frumvarp

til laga um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins, og um eftirlit með innflutningi trjáfræs.

Flm.: Jón Pálmason, Bjarni Bjarnason, Sigurður Einarsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir ein heimild til þess að flytja til landsins hverskonar trjáplöntur, og tekur sú heimild einnig til plantna af öllum tegundum runna. Ennfremur skal ríkisstjórnin taka að sér eftirlit með innflutningi á trjáfræi.

2. gr.

Ríkisstjórnin felur skógrækt ríkisins að sjá um innkaup og innflutning erlendra trjáplantna, eftir því sem þörf krefur. Ríkisstjórnin felur einnig skógrækt ríkisins eftirlit með innflutningi á trjáfræi.

3. gr.

Skógræktarstjóri, sem framkvæmdarstjóri skógræktarmálanna, sér um innkaup, sölu og afhendingu erlendra trjáplantna. Plönturnar má selja bæði í heildsölu og smásölu, en öll álagning skal ákveðin af ríkisstjórn, eftir tillögum skógræktarstjóra.

4. gr.

Skógræktarstjóri skal leggja áherzlu á, að til landsins flytjist harðgerðar plöntur, sem líklegar séu til þess að þola íslenskt veðurfar. Skal hann einnig gæta þess, að heilbrigði plantnanna sé ekki ábótavant, svo framarlega sem þess er kostur.

Eftirlit með innflutningi á trjáfræi skal fylgið í því, að skógræktarstjóri getur krafizt þeirra heilbrigðisvottorða, sem hann álitur nauðsynleg, með hverri tegund trjáfræs.

5. gr.

Sá arður, sem kann að verða af sölu innfluttra trjáplantna, fellur til skógræktar ríkisins, og skal honum ráðstafað á sama hátt og því fé, sem skógrækt ríkisins hefir í þarfir skógræktarmálanna.

6. gr.

Sá, sem gerist brotlegur við lög þessi, með því að flytja erlendar trjáplöntur til landsins, skal sæta sektum frá 10—500 krónum, og skal upphæðin metin eftir því, hvort viðkomandi flytur inn plöntur til eigin þarfa eða ætlar þær til sölu. Plönturnar skulu gerðar upptækar, og falla þær til skógræktar ríkisins.

Sá, sem brýtur 3. grein þessara laga, með því að selja trjáplöntur hærra verði en auglýst smásöluverð heimilar, skal sæta sektum frá 100—500 krónum.

Sá, sem flytur inn trjáfræ án nauðsynlegra heilbrigðisvottorða, sætir sektum frá 10—100 kr.

Sektarfé rennur í rikissjóð.

7. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sakir sivaxandi eftirspurnar eftir trjáplöntum til gróðursetningar við hús og bæi, og sakir þess, að hin innlenda framleiðsla hefir litið sem ekkert aukizt á síðari árum, hefir innflutningur erlendra trjáplantna hingað til lands aukizt feykilega. Þótt innflutningur erlendra trjáplantna sé hvergi nærri eins ákjósanlegur og uppeldi trjáplantna hér á landi, þá hefir þessi innflutningur samt bætt úr brýnustu þörf manna, og að sjálfsögðu verður að halda honum áfram unz

innlend plöntuframleiðsla er komin svo langt áleiðis, að hún geti fullnægt þörfum landsmanna.

En mjög margir og miklir annmarkar hafa verið á þessum innflutningi erlendra trjáplantna og sölu þeirra hér. Ýmsir menn, sem lítið vit hafa haft á trjárækt, hafa keypt allskonar trjátegundir erlendis, og mjög mikið af þeim plöntum hefir verið þeirra tegunda, að engin minnstu líkindi hafa verið til, að þær gætu náð hér nokkrum þroska, eins og t. d. askur, eik, beyki, lind o. m. fl. Svo hefir og einnig verið flutt inn mikið af trjátegundum, sem geta hjarað hér, en sjaldan náð verulegum þroska, eins og t. d. flestar tegundir af álmi, hlyn, þyrni, furu og greni. Með innkaupum svona plantna hefir töluverðu fé verið algerlega á glæ kastað, og er sjálfsagt að koma í veg fyrir, að þetta endurtaki sig. En auk hins beina fjártjóns, sem af þessum eftirlitslausa innflutningi hefir leitt, hefir einnig leitt af honum töluvert óbeint tjón. Ahnenningur hefir keypt þessar plöntur í trausti þess, að þær gætu vaxið, enda hefir ekki skort gyllingar þeirra, sem selt hafa plöntur. En er þessar plöntur síðar hafa dáðið út, hefir það orðið til þess að hvekkja þá, sem keypt hafa, svo að þeir hafa misst trúna á trjáræktarmöguleika. Þannig hafa bæði trjá- og skógrækt beðið mikinn álitshnekki.

Undanfarin ár hefir verið mikil eftirspurn eftir trjáplöntum, og hefir það hleypt útsöluverði plantnanna óhæfilega hátt upp. Fyrir þrem árum var t. d. útsöluverð 1 meters hárra reyniviðarplantna frá 1,25—1,75 kr., en í innkaupi kosta þessar plöntur ekki nema 10—25 aura, eða jafnvel minna. Þótt töluverður úrgangur verði oft við plöntusölu og þrátt fyrir að tollar á trjáplöntum eru óhæfilega háir, verður þetta að teljast óhæfileg álagning. Á síðasta vori mátti líka, fyrir atbeina Skógræktarfélags Íslands, fá svona plöntur á 50—55 aura.

Það er ekki minnsta vafa undirorpið, að bæði of hátt útsöluverð trjáplantna og innflutningur veikgerðra plantna hefir mjög dregið úr áhuga almennings á trjárækt. En það er afar áriðandi fyrir framtíð trjáræktar hér á landi, að trú almennings á trjárækt dofni ekki fyrir handvömm eina, og til þess að reyna að komast hjá því er þetta frumvarp meðal annars komið fram.

En það eru og aðrar ástæður fyrir því. Með innflutningi trjáplantna er hætt við, að ýmsir sjúkdómar geti borizt hingað til lands. Og telja má vist, að nokkrir — að visu ekki hættumiklir — trjásjúkdómar hafi borizt hingað á þennan hátt. Hve plöntusjúkdómar geti verið hættulegir, nægir aðeins að benda á kartöflumygluna og tjón það, sem af henni hefir hlotizt. Með lögum eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu er mikið dregið úr hættu á innflutningi trjásjúkdóma, og jafnvel ýmissa annara sjúkdóma á plöntum. Þetta er líka ástæðan til þess, að gert er ráð fyrir eftirliti með innflutningi trjáfræs.

Af verzlunarskýrslum verður ekki séð, hve mikið hefir verið flutt inn af trjáplöntum á undanförunum árum, sakir þess, að allar lifandi plöntur eru taldar í einum lið. En verðmæti þessara plantna hefir venjulega numið 10000—16000 kr. upp á síðkastið. Meiri hlutinn af þessu verðmæti fellur þó áreiðanlega á trjáplöntur. Af þessu má sjá, að hér er ekki um mikilsverðan atvinnumissi að ræða fyrir einstaklinga, enda má gera ráð fyrir því, að þeir, sem undanfarið hafa fengið við trjásölu og trjáplöntun, geti fengið keyptar plöntur í heildsölu til útplöntunar. Verða þeir þá aðeins að láta sér nægja minni álagningu en áður.

Að endingu er rétt að taka það fram, að það er neyðarúrræði að kaupa trjáplöntur frá útlöndum, því að það hefir margsýnt sig, að þessar plöntur geta hvergi nærri jafnast á við góðar íslenskar plöntur. Þess vegna mun innflutningur erlendra trjáplantna minnka jafnótt og hin innlenda framleiðsla eykst. En takmark skógræktar ríkisins hlýtur að verða aukin framleiðsla innlendra plantna, og er þess vegna ekki nema sjálfsagt, að hún annist innflutninginn á erlendum plöntum meðan þess þarf með.

Hinar einstöku greinar frumvarpsins þurfa ekki skýringa við, nema 3. gr. Það er ekki minnsta hætt á, að álagning á trjáplönturnar verði sett of hátt, þar eð það er í þágu skógræktarinnar, að sem mest sé keypt af plöntum og að þeim sé plantað sem víðast.